



Fundargerð

402. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 12. janúar 2017 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson (VP) oddviti, Karl Kristjánsson (KK), Ágúst Már Gröndal (ÁMG), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá. Engin mál bárust.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 401. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 8. desember 2016.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulags-, húsæðis- og hafnarnefnd 9. janúar 2017.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1 1510018 – Flatey, upprunaland Tröllenda.

Sveitarstjórn samþykkir framlagt lóðarblað, unnið af Landmótun 23. janúar 2015, samhljóða. Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2.2 1701002 – Gjaldskrár 2017.

2.2.1 Gjaldskrá Reykhólahafnar 2017.

2.2.2 Gjaldskrá vatnsveitu 2017.

2.2.3 Gjaldskrá fráveitu 2017.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrárnar samhljóða og felur sveitarstjóra að láta birta þær í B-deild Stjórnartíðinda. Samþykkt samhljóða.

2.3 1701019 – Mýrartunga 1 212-2470, byggingaleyfi.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2.4 1701020 – Leiguíbúðir sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða. Sveitarstjórn samþykkir að fasteignin Hellisbraut 38a og b verði sett á sölu. Sveitarstjóra falið að leita ráðgjafar hjá endurskoðanda

varðandi uppgreiðslu á íbúðarlánnum og áhrif sölunnar á fjárhag sveitarfélagsins, áður en íbúðirnar verða auglýstar. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni samhljóða.

3. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd 11. janúar 2017.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

3.1 1701002 – Gjaldskrár 2017.

3.1.1 Gjaldskrá vegna hunda- og kattahalds 2017.

3.1.2 Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs 2017.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðirnar samhljóða. Sveitarstjóra falið að leita umsagnar Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða og láta birta þær í B- deild Stjórnartíðinda.

3.2 1701001 – Ráðning dýraeftirlitsmanns.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar. Sveitarstjóra falið að gera samning við Sigurð Torfa Sigurjónsson sem verktaka í starf dýraeftirlitsmanns. Sveitarstjórn samþykkir einnig drög að samningi við dýraeftirlitsmann og framlögð eyðublöð vegna skráningar og handsömunar dýra. Samþykkt samhljóða.

3.3 1701005 – Tvöfalt sorpgjald á lögbýli.

Fyrir sveitarstjórn er lagt svarbréf umhverfis- og náttúruverndarnefndar til dreifbýlisnefndar vegna málsins.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

4. Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps 7. desember 2016.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

5. Öldungaráð Dalabyggðar og Reykhólahrepps 16. nóvember 2016.

Farið yfir fundargerðina, sveitarstjóra falið að koma ábendingu varðandi heimsendan mat til félagsmálastjóra.

6. Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar, fundur 8. desember 2016.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 1701002 – Gjaldskrár Reykhólahrepps árið 2017.

1.1 Gjaldskrá fyrir Grettislaug 2017.

1.2 Gjaldskrá fyrir tjaldsvæði Reykhólahrepps 2017.

1.3 Gjaldskrá vegna Héraðsbókasafns Reykhólahrepps 2017.

1.4 Gjaldskrá vegna leikskóladeildar Reykhólaskóla 2017.

1.5 Gjaldskrá vegna mötuneytis 2017.

- 1.6 Gjaldskrá vegna útleigu á húsnæði Reykhólaskóla 2017.
- 1.7 Gjaldskrá vegna útleigu á íþróttahúsi 2017.

Lagðar eru fram ofangreindar gjaldskrár uppfærðar um 1,9% eða sem nemur breytingu á vísitölu neysluverðs milli ára. Gjald vegna útseldrar hádegismáltíðar til almennra kostgangara í mötuneyti hækkar í kr. 2000. Gjaldskrárnar eru samþykktar samhljóða, sveitarstjóra falið að láta birta þær á vef sveitarfélagsins.

2. 1701007 – Heimild til samningsgerðar.

Sveitarfélög sem reka hjúkrunarheimili og hafa undirgengist rammamening Sjúkratrygginga Íslands og hyggjast gera samning á grundvelli samkomulags fjármála- og efnahagsráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. október 2016 um yfirtöku ríkisins á lífeyrisskuldbindingum hjúkrunarheimila.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps veitir sveitarstjóra fulla heimild til samningsgerðar og undirritunar samnings á grundvelli samkomulags fjármála- og efnahagsráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. október 2016. Samþykkt samhljóða.

3. 1701010 – Skýrsla Íslenskra orkurannsóknna 2016, vegna vatnsöflunar fyrir vatnsveitu á Reykhólum.

Farið yfir framlagða skýrslu, Karli falið að skoða málið með Agli Sigurgeirssyni og umsjónarmanni fasteigna. Samþykkt samhljóða.

4. 1701008 – Styrkur vegna flugeldasýningar.

Erindi frá Björgunarsveitinni Heimamönnum dagsett 27. desember 2016.

Sveitarstjórn samþykkir formlega styrk kr. 100.000 til Björgunarsveitarinnar Heimamanna vegna flugeldasýningar um liðin áramót. Samþykkt samhljóða.

5. 1701009 – Ósk um framlengingu á aukaframlagi til Markaðsstofu Vestfjarða.

Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dagsett 17. nóvember 2016.

Sveitarstjórn samþykkir framlagt erindi samhljóða.

6. 1701025 – Skrá yfir störf hjá Reykhólahreppi sem eru undanþegin verkfallsheimild, til auglýsingar.

Lögð er fram ofangreind skrá í óbreyttri mynd, sveitarstjóra falið að birta hana í B-deild Stjórnartíðinda. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

7. 1701011 – Blágrænar ofanvatnslausnir á Reykhólum.

Leiðbeiningar frá Alta ráðgjöfum, sent til kynningar frá umsjónarmanni fasteigna.

Farið yfir leiðbeiningar, sveitarstjórn líst vel á hugmynd um að nota blágrænar ofanvatnslausnir í þéttbýlinu á Reykhólum.

8. 1701012 – Endurgreiðslur vegna minka- og refaveiða 2016.

Erindi frá Umhverfisstofnun 20. desember 2016.

Lagt fram til kynningar.

9. 1701016 – Styrkur til uppbyggingar innviða fyrir rafbíla.

Svar Orkusjóðs dagsett 5. janúar 2017 við umsókn sveitarfélagsins.

Lagt fram.

10. 1701013 – Sóknaráætlun landshluta, greinargerð um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna 2015.

Send til kynningar frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga.

Lagt fram.

11. 1701014 – Húsnæðisáætlanir, stofnframlög og skyldur sveitarfélaga gagnvart fötluðu fólki.

Erindi frá Þroskahjálpi dagsett 7. desember 2016.

Lagt fram og kynnt.

12. 1701015 – Áskorun til sveitarstjórna við Breiðafjörð.

Áskorun frá félögum æðarbænda við Breiðafjörð dagsett 20. nóvember 2016.

Lagt fram og kynnt.

13. 1603008 – Fundargerð 110. fundar í Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis 4. desember 2016.

Fundargerð lögð fram.

14. 1603009 – Fundargerð 844. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram.

15. 1602008 – Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga 11. október og 23. nóvember 2016.

Fundargerðir lagðar fram.

Önnur mál (ef einhver):

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18:15

| | |
|-------|-------|
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |